

Fundargerð notendahóps fjölmiðla

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands, fimmtudaginn 17. október 2019, klukkan 13.00 - 14.45.

Aðilar frá fjölmiðlum sem mættu á fundinn voru:

- Fréttablaðið (2 aðilar)
- Kjarninn
- Morgunblaðið
- RÚV
- SÝN
- Viðskiptablaðið (2 aðilar)

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Áslaug Dagbjört Benónýsdóttir	Gæðastjóri
Heiðrún Sigurðardóttir	Samskipti og miðlun
Björn Rúnar Guðmundsson	Sviðsstjóri - Efnahagssvið
Anton Örn Karlsson	Deildarstjóri - Félagsmálasvið
Ólafur Arnar Þórðarson	Sviðsstjóri – Stjórnarsýsla og samstarf
Margrét Kristín Indriðadóttir	Deildarstjóri - Félagsmálasvið
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri – Fyrirtækjatölfræði
Þorsteinn Þorsteinsson	Deildarstjóri – Samskipti og miðlun

Fundarstjóri var Þorsteinn Þorsteinsson.

Dagskrá:

1. Kynning á Hagstofunni
2. Umbótahugmyndir notendahóps
 - Hvað er Hagstofan að gera vel
 - Hvað má betur fara
 - Nýjar hugmyndir og þeim forgangsraðað
3. Önnur mál

Fundargerð

1. Fundarstjóri bauð fundargesti velkomna og kynnti tilurð og tilgang fundarins ásamt dagskrá. Hann fór svo yfir starfsemi Hagstofunnar, ferlið frá gagnasöfnun til notenda, flokkun notenda, samskiptagáttir, fréttir í fjölmiðlum þar sem vitnað væri í Hagstofuna, traust til Hagstofunnar og þær leiðréttingar sem Hagstofan hefði nýlega þurft að gera á tölum sínum um hagvöxt. Þó nokkur umræða varð um síðast nefnda atriðið.
2. Gæðastjóri sagði fundargestum frá því að Hagstofa Íslands væri þessa dagana í stefnumótunarvinnu til næstu 5 ára og væri því niðurstaða þessa fundar gott innlegg í þá vinnu. Fundarstjóri kynnti verkefni fundarins, umbótahugmyndir. Fundargestir voru beðnir um að skrifa á miða þau atriði sem Hagstofa Íslands **væri að gera vel**. Dæmi um það sem kom fram undir þessum dagskrárlíð voru eftirfarandi atriði:
 - Gögn um sjávarútveg
 - Framsetning á reglulegum fréttum er yfirleitt góð

- Framsetning gagna hefur batnað mikið
- Vel framsettar og skýrar fréttatilkynningar
- Gögn um þróun íbúafjölda og ýmis samfélagsleg málefni eru góð
- Yfirleitt gott aðgengi að gögnum
- Núvirðisreiknivélin nýtist vel og flýttir fyrir
- Gott að fá reglulega áminningu um stöðu mála
- Framsetning og form gagna á vefsíðu þægilegt
- Mikið af tölum og gögnum sem hægt er að sækja
- Jákvætt hversu oft tilkynningar eru sendar á fjölmiðla
- Tilkynningar sendar á ritstjórnarpóst þannig að ekkert ætti að fara framhjá miðlunum
- Birtingaráætlun sem oftast stenst

Næst voru fundargestir beðnir um að skrifa á miða **hvað mætti betur fara hjá Hagstofunni.**

Dæmi um það sem kom fram voru eftirfarandi atriði:

- Félagsauður (birting talnagagna og söfnun þeirra)
- Aðgengi að gögnum, þá er úrvinnslan einfaldari
- Mætti þefa upp áhugaverðari samanburð í bland við tölulegar staðreyndir sbr. samanburð við hrunárin fyrir 5 árum, 10 árum.
- Flokkunarkerfið mætti vera skýrara
- Lykiltölur ættu að vera á sama stað
- Löng leið að tilteknum gögnum
- Samanburður á gögnum aftur í tímann er stundum ekki mögulegur
- Meira af upplýsingum um þá útlendinga sem búa hér og starfa
- Framsetning á upplýsingum mætti vera fjölbreyttari og breiðari
- Öll gögn mættu vera sett fram myndrænt því þannig er auðveldara að átta sig á aðalatriðunum
- Vantar meiri samanburð við önnur lönd í fjölmörgum flokkum
- Ítarlegri tölur um fjármálakerfið í heild
- Upplýsingar um menntun aðfluttra og brottfluttra Íslendinga
- Sést alltaf hvenær tölur voru uppfærðar? T.d. Íbúafjöldi á Akranesi, við hvaða dag er miðað?
- Hagtölur um ferðaþjónustu
- Tölur um eignir og skuldir Íslendinga villandi (samanburðurinn við nafnverð)

Síðasti liðurinn fjallaði um **nýjar hugmyndir** en það eru atriði sem snúast um hvaða nýjar hugmyndir ætti helst að framkvæma en einnig geta þetta verið atriði undir flokknum „hvað má gera betur“. Fundargestir skrifuðu hugmyndir sína á miða og kynntu þær síðan munnlega í kjölfarið. Í framhaldinu var hverjum og einum útvegað þrjú atkvæði sem hann/hún máttu nota til þess að kjósa um hugmyndir. Sú hugmynd sem fékk flest atkvæði fór efst í forgangs röðunina og svo koll af kolli. Í framhaldinu verður stofnað sérstakt verkefni utan um þetta.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

- Tilkynningar á vef ættu að innihalda útskýringar á hugtökum neðanmáls (2 stig)
- Gagnabanki með gröfum/töflum sem hægt er að fella inn í fréttir á vefmiðlun (gagnvirk gröf/töflur sbr. infogram) (1 stig)
- Flokkunarkerfi mætti vera skýrara (1 stig)

- Frekari greining og framsetning á gögnum (1 stig)
- Í allri umfjöllun um gögnin mætti styðjast við eitthvað til samanburðar (1 stig)

3. Önnur mál

Fundarstjóri tók saman helstu niðurstöður fundarins, sagði frá því að næsti notendafundur væri á dagskrá vorið 2020 og þá yrði veitt endurgjöf á stöðu verkefna sem varð niðurstaða þessa fundar. Fundi slitið kl. 14.45.

þþ